



Þróunarverkefnið „Læsi er meira en stafa staut“
Lokaskýrsla frá leikskólanum Sólhvörfum 2016 – 2017

Læsi í flæði



Edda Guðrún Guðnadóttir

Leikskólinn Sólhvörf

Læsi í flæði

Markmið læsisverkefnisins er að nýta fjölbreyttar aðferðir, aðstæður og umhverfi til að efla læsi í víðum skilningi, í leik og starfi með börnunum á leikskólanum Sólhvörfum. Í gefandi



samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til þess að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir



á fjölbreyttan hátt. Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í Aðalnámskrá segir: Grunnþættir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru. Þannig læra börn og ungmenni að byggja sig upp andlega og líkamlega og ná tókum á að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Þróunarverkefnið va sameiginlegt öllum starfsmönnum og börnum í leikskólanum Sólhvörfum.



Við upphaf læsisverkefnisins var tekin sú ákvörðun að flæði yrði okkar grunnur í læsi. Starfsmenn kynntust hugmyndinni að flæði við heimsókn í leikskólann Ásgarð á Hvammstanga. Hugmyndafræðin er byggð á kenningum Mihaly

Csikszentmihalyi, sem er þekktur fyrir rannsóknir sínar á hamingju og sköpunargleði. Þekktastur er hann þó fyrir að vera upphafsmaður hugmyndafræðarinnar flæði.



Heimar

Flæði var í vetur nefnt í daglegu tali Heimar hjá okkur. Þeir voru í boði fjóra daga í viku og tóku börn á aldrinum tveggja til fimm ára þátt í Heimum. Í þeim var boðið upp á ákveðin svæði með ákveðnu leikefni og



voru Heimasvæði um allan skólann fyrir hádegi. Þau leiksvæði sem

boðið var upp á voru:

- Kubbaheimar,
- Lubbaheimar,
- Spilaheimar,
- Ævintýraheimar,

Tónheimar, Vísindaheimar og Útiheimar. Tveir starfsmenn sáu um að setja upp verkefni í hverjum Heimi, tvær vikur í senn. Unnið var í Lubbaheimum út frá þeirri vinnu sem



lagt hafði verið upp með haustið 2015 í því að auka áherslu á læsi og málörvun.

Þar er unnið með bókina *Lubbi finnur málbein*, *Hljóðasmiðjur Lubba 1, 2 og 4* og

annað málörvunarefni sem skólinn hefur náð í. Veggspjöld með máhljóðum

hanga upp á deildum, í leikrýmum og á göngum leikskólans. Hljóðakassar hafa

verið útbúnir fyrir öll máhljóðin og inniheldur hver kassi hluti sem byrja á

tilteknu hljóði. Gerðar voru Lubba myndir fyrir hvert máhljóð, þar sem áhersla er

á máhljóðið og að auka orðaforða. Einnig var útbúið Lubba spil. Þar var áherslan

á hljóðið og táknið og var hægt að nota það í veiðimann eða sem minnisspil. Á

öllum deildum var verið að vinna með bókina *Lubbi finnur málbein* 1-2 sinnum í viku. Á fimm deildum eru

stafir og ritmál mjög sýnilegt í umhverfinu og eru börnin hvött til að skrifa og herma eftir stöfum.

Í samverustund í upphafi dags er börnunum sagt frá því hvaða heimar eru í boði þann daginn. Börnin velja

sér Heima til að leika sér í en hafa fullt frelsi til að skipt um Heima

á meðan þeir eru í boði. Í þessum aðstæðum erum við fyrst og

fremst að efla lýðræði og samskipta- og félagslæsi. Eldri og yngri

börnin blandast saman í leik og þar með eykst félagsvalið. Einnig

kynnast börnin fleiri kennurum en bara þeim sem eru á þeirra

deild. Eldri börnin hjálpa og kenna þeim yngri ef með þarf og

einnig læra börnin að taka tillit til mismunandi getu leikfélaga.

Jafnframt voru samverustundir nýttar til markvissar málörvunar við t.d. lestur, sögur og þulur. Við lékum

okkur með rím, að klappa atkvæði og taka orð í sundur og setja tvö orð saman og annað sem þá miðast við



aldur og getu barna á hverri deild. Keyptir voru sófar inn á tvær deildar til reynslu þar sem börnin geta setið



í næði með kennurum við lestur bóka eða með vini. Á yngstu deildinni, sem er eini hópurinn sem ekki tók fullan þátt í flæðinu fyrr en nú á vormánuðum, var yndislestur þar sem kennarinn hefur fimm barna hóp og tekur, eitt barn í fangið og les fyrir það og hin hlusta. Kennarinn endurtekur lesturinn með hverju barni. Unnið var með samskiptalæsi hjá þriggja til fimm ára í Vinastundum sem er vináttuverkefni Barnaheilla 1-2 sinnum í viku. Í listasmiðju fara öll börn af fimm deildum einu sinni í viku. Þar læra börnin að tjá hugsanir sínar og tilfinningar í myndlist. Sérkennari listasmiðjunnar vinur með þrjú til fimm börn í senn og ræðir við þau um verkefnið sem þau eru að vinna að, spyr þau spurninga og hvetur þau til að tjá sig um verkin sem þau eru að vinna að. Þarna eru miklar gæða stundir enda sjaldan sem kennarar geta átti stundir með svo fáum börnum.

Lagt var upp úr að fara með börnin í allskonar vettvangsferðir. Í þessum ferðum var farið í bókasöfn, myndlistasöfn, Árbæjarsafnið, Grasagarðinn o.s.frv. Í þessum ferðum er verið að vinna með umhverfis- og menningarläsi ásamt því að lesa á merkingar og skilti í umhverfinu sem gefa vísbendingar um hegðun og hættu í umhverfinu.


Læsi í sérkennslu



Sérkennsluteymi sinnir markvissri sérkennslu í Sólhvörfum og hefur það nýtt Lubba og ýmiskonar öpp og spil í málörvunarstundum. Ávallt er gestum boðið með í

málörvunarstundir með þeim börnum sem þurfa meiri þjálfun.

Það þykir mjög eftirsóknarvert að fá að fara í málörvunarstundir og telst okkur til að daglega fari a.m.k. 30-40 börn a dag í gegnum sérkennsluna í þessum stundum.



Niðurstöður og mat


Við lærðum margt af þessu verkefni í vetur. Börnin dreifðust vel á milli Heima og var gaman að sjá þegar systkini uppgötvaðu að þau gætu hittst og verið saman í leik. Einnig var gott að sjá hvernig börnin valdefldust við að þurfa taka ákvörðun um hvað þau langaði að gera í það skiptið og að þau gætu skipt um Heima eftir því hvað hugurinn girndist í hvað skiptið. Læsið var að sjálfsögðu missýnilegt eftir Heimun



og kannski ekki síst eftir því hver sá um þá. Almennt tókst þó vel upp og starfsmenn voru meðvitaðir um

verkefnið. Einn af betri kostunum við flæði var að þegar vantar mannskap í hús þá reyndist auðveldara að dreifa álagi þar sem allir starfsmenn voru í sínum heimum og börnin dreifðumst um húsið. Það sem við sjáum að við þurfum að gera betur er hvernig við ætlum að skrá hvað gert er í hverjum Heim og hvernig við ætlum að vinna úr því sem var gott og því sem þarf að bæta. Það er mikill samhugur hjá starfsmönnum að halda áfram að þróa flæði að okkar.

Í vetrarlok var Opið hús eins og hefð er fyrir. Þá var lögð áhersla á að sýna raunverulegt starf og ferli leikskólastarfsins. Hver deild útbjó veggspjöld sem sýndu starfið með læsi í vetur og það hvað við erum að gera í Heimunum. Einnig höfðum við leikefnið sýnilegt og hvöttum foreldra til að leika með börnunum og gefa sér tíma til þess að leika. Sérkennsluteymið sýndi verkefni og lausnir sem þær eru að vinna með börnunum og vakti það verðskuldaða athygli.



Læsisverkefnið fléttaðist vel inn í starfið í leikskólanum í vetur og fór hönd í hönd með Flæðinu sem við vorum líka að innleiða. Við vorum nú þegar búnar að taka Lubba í okkar þjónustu og hann myndar ennþá þann rauða þráð sem málörvunin í leikskólanum hefur. Vð munum ekki hætta hér en svona verkefni til þess fallið að þróa áfram þar til þetta verður sjálfsagður hluti í starfinu.

Edda Guðrún Guðnadóttir, verkefnastjóri